

Fundur 16. apríl 2007

Fundur var haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps** mánudaginn 16. apríl 2007 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíður að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Bogi Kristinsson, Karl Kristjánsson, Óskar Steingrímsson og Egill Sigurgeirsson.

Sveinn setti fund og gengið var til dagskrár:

1. Umsókn frá Flateyjarferðum ehf um leyfi til að byggja hús fyrir gistiþjónustu sem rekin yrði í samvinnu við Svanhildi Jónsdóttur bónda í Krákuvör.
Vinna stendur nú yfir við aðalskipulag Flateyjar og í framhaldi af því er fyrirhugað að fara í vinnu við breytingu á deiliskipulagsi. Af þeim sökum telur skipulags- og bygginganefnd ekki rétt að verða við erindinu að svo stöddu.
2. Bréf dags. 31. mars 2007 frá Jóni P. Líndal fyrir hönd eigenda austurenda Vertshúss í Flatey með athugasemdum við umsókn um að byggja ransóknastofu á byggingareit sjávarmegin við Vertshús í Flatey, skv. teikningu frá Arkitektur.is, dags. 9.3.2007. Lagt fram til kynningar.
3. Beiðni frá Guðmundi Páli Ólafssyni um leyfi til að breyta heiti fasteignaskráningarinnar Skammmyri, landnr. 139765 í Skansinn, landnr. 139765 og þinglýsa nafninu. Erindið samþykkt.
4. Bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu dags. 15. mars 2007 með ósk um umsögn Reykhólahrepps vegna landskipta á ríkisjörðinni Gufudal-Neðri, sbr. 13. gr. jarðarlaga nr. 81/2004. Ekki gerðar athugasemdir við landskipti þessi. Stofnskjal liggur fyrir og er rétt að okkar mati.

Til kynningar:

1. Bréf frá Skipulagsstofnun um samvinnunefnd um breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012 þar sem Skipulagsstofnun tilnefnir Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur sem fulltrúa sinn í samvinnunefndina.
Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Breiðafjarðarnefnd vegna leyfisveitinga í gamla þorpinu í Flatey. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. Umsókn frá Áhugamannafélagi um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum um stækkun á lóð við Maríutröð (Mjólkurstöð) vegna fyrirhugaðrar stækkunar hússins. Samþykkt að stækka lóðina um 20 metra til austurs þannig að hún verði 50x70 metrar eða 3.500 m².
2. Umsókn frá Gistiheimilinu Álftarlandi (Seinar Pálmason) um að notkun húsnæðisins verði breytt úr gistiheimili í íbúðarhúsnæði. Erindið samþykkt.
3. Grenndarkynning vegna fjarskipamasturs í Flatey sbr. 2. mgr. 26.gr skipulags- og byggingalaga var auglýst og rann athugasemdafrestur út 6. apríl 2007. Engar athugasemdir bárust.
4. Breytt staðsetning á sparkvelli. Egill leggur til að fyrirhuguð staðsetning sparkvallar verði breytt og hann verði staðsettur norðan við íþróttahús. Ný tillaga að staðsetningu er í vinnslu hjá Landmótun ehf. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:33.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)